

Skoðunarferð mánudag 5. maí kl. 15:30-19:00

Akstur: 1 klst.

Skoðunarferð: 3,5 klst.

Klæðnaður: Eftir veðri.

Rútur fara frá **Edinborgarhúsi**.

Leiðsögn: Harpa Grímsdóttir, Magni Hreinn Jónsson, Tómas Jóhannesson, Óliver Hilmarsson, Veðurstofu Íslands, Guðmundur Björgvinsson og Geir Sigurðsson, Vegagerðinni, Gísli S. Pétursson, Verkis og Kristín Martha Hákonardóttir, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Ávörp: Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri í Súðavík og Magnús Jóhannesson, fyrsti formaður Ofanflóðanefndar.

Ekið áleiðis til Flateyrar um Seljalandsveg og Skutulsfjarðarbraut. Sagt verður frá ofanflóðasögunni og uppbyggingu varnargarða undir Gleiðarhjalla og Seljalandshlíð. Ekið áfram í gegnum Vestfjarðagöng niður Veðrarárdal og eftir Flateyrarvegi til Flateyrar. Vakin verður athygli á Selabólsurð á Flateyrarvegi, þar sem fjöldi snjóflóða hefur fallið yfir veginn og sum út í sjó.

Flateyri, kl. 16:10-17:20: Gengið verður upp á varnargarð og rætt um snjóflóðin sem fóru að hluta yfir garðana í janúar 2020 og endurhönnun varna. Gengið verður að minningarreit/minningarstein um fórnarlömb snjóflóðsins 1995, þar sem Guðmundur Björgvinsson, Flateyringur, fyrrum snjóeftirlitsmaður Veðurstofu Íslands á Flateyri og starfsmaður Vegagerðarinnar, segir frá snjóflóðinu 1995 og áhrifum þess á samfélagið.

Ekið til baka og stöðvað undir Kubbi á Ísafirði, kl. 17:45-18:05: Farið verður út úr rútu og sagt frá snjóflóðasögu og uppbyggingu varna fyrir Holtahverfi á Ísafirði.

Ekinn Engidalshringur og framhjá varnarfleygnum ofan (sorprennslunnar) Funa.

Ekið til Súðavíkur eftir Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð og sagt frá uppbyggingu vegskápa og vegpilja við gil í Súðavíkurhlíð.

Súðavík, kl. 18:30-19:00: Stoppað verður við minningarreit þar sem Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri í Súðavík, og Magnús Jóhannesson, fyrsti formaður Ofanflóðanefndar, ávarpa hópinn.

Ekið inn í Arnardal þar sem kvöldverður verður snæddur á veitingastaðnum Jötni átvagni.